

Grisjunarastefna Bókasafns Grindavíkur

Almenningsbókasöfn eru ekki varðveislusöfn eða sérfræðisöfn og eiga því ekki að sanka að sér safnkosti sem aldrei hreyfist úr hillu. Sífelld endurskoðun safnkosts er nauðsynleg þar sem hvert safngagn hefur sinn líftíma. Oft eru ný gögn vinsæl fyrst, fara oft í útlán á stuttum tíma. Síðan fer gagnað í hilluna og fer af og til út. Á endanum verður gagnað slitið, upplýsingarnar í því úreldast og eru uppfærðar eða að umfjöllunarefnið (eða nálgunin á efnið) á ekki lengur við. Þegar uppgötvast að nytsemi gagnsins er á enda, þarf að fjarlægja það úr safneigninni.

Hvað á að grisja?

- Úreldar og ónákvæmar upplýsingar (hér þarf að huga sérstaklega vel að efni sem lýtur að tölvutækni, lögum, vísindum, heilsu, lyfjum, ferðalögum og tækni almennt).
- Gamlar útgáfur.
- Efni sem inniheldur hatursorðræðu, kynjamisrétti, fordóma eða umfjöllun um málefni þar sem orðræðan hefur breyst í gegnum tíðina (hér má meðal annars nefna efni þar sem fjallað er um samkynhneigð sem geðsjúkdóm).
- Slitin og skítug eintök.
- Illa bundnar eða illa prentaðar útgáfur.
- Rispaða CD eða DVD diska.
- Illa viðgerðar bækur.
- Bækur sem hafa ekki farið í útlán síðustu 5 ár.
- Auka eintök af bókum sem fara sjaldan úr hillu.
- Óskráð tímarit.
- Tímarit sem eru til í rafrænni útgáfu.
- Bækur um efni sem var vinsælt fyrir 5 árum en er ekki vinsælt í dag.
- Eintök af margmiðlunarefni á formati sem er ekki lengur notað (kasettur, vídeospólur)

Hvað þarf að hafa í huga við grisjun?

- Hvenær var efnið gefið út? Hvenær var því bætt í safnið?
- Höfundurinn – Er hann ennþá vinsæll? Er þetta eitt af hans minni verkum?
- Útlit – er eitthvað við bókina sem er óaðlaðandi?
- Eru til auka eintök í betra ástandi?
- Skiptir efnið máli í samfélaginu?
- Hversu lengi hefur eintakið verið í hillu án þess að lánast út?
- Eru til önnur eintök í sömu stjórnunareiningu?
- Er bókin til á Landsbókasafni?

Kostir þess að grisja safnkost

1. **Þú sparar pláss.** Hillupláss kostar peninga á ýmsan hátt. Fyrst og fremst ber að nefna hinn raunverulega kostnað við að kaupa fleiri hillur til að geyma safneignina í. Vel hirt safneign sparar þrif á bókum sem enginn les og grisjun gerir pláss fyrir annað efni. Safngestir nenna ekki að leita í yfirfullum hillum. Starfsfólkið á ekki að þurfa að fylla hverja einustu hillu og safnið verður viðkunnalegra og einfaldara í notkun. Rannsóknir sýna að hillur eiga aldrei að vera meira en 85% fullar og 75% fylling er jafnvel ennþá betri. Að auki má nota hilluplássið sem myndast til að stilla upp bókum og auka þannig útlán á þeim. Grisjun leyfir okkur að hafa „andrymi“ á safninu.

2. **Þú sparar tíma** starfsfólks og viðskiptavina. Hillur, troðnar út af bókum í misjöfnun ástandi, kosta tíma. Viðskiptavinir finna ekki það sem þeir leita að og starfsfólkið á jafnvel sjálft erfitt með að finna og skila bókum á réttan stað. Úreldar upplýsingar trufla þá sem leita að heimildum og gera okkur erfitt fyrir að finna viðeigandi og nógildandi (relevant & current) upplýsingar fyrir viðskiptavinum okkar.

3. **Þú gerir safneignina meira aðlaðandi** þegar þú skiptir út slitnum og skítugum bókum með nýjum og aðlaðandi. Jafnvel getur verið gagnlegt að kaupa af og til nýjar útgáfur af klassískum verkum til að lífga upp á útlit bókakostsins. Gamlar bækur ganga oft í endurnýjun lífdaga við nýja útgáfu og ættu bókasöfn að sjá sér hag í að kaupa eintök til að skipta út. Andrúmsloftið á safninu verður líka betra þegar gömlum og oft illa lyktandi bókum er skipt út fyrir nýjar. Mörg söfn hafa greint frá því að notendur hafa haldið að mikið af nýjum bókum hafi verið keypt inn þegar umfangsmkili grisjun hafið átt sér stað.

4. **Þú styrkir ímynd safnsins.** Viðskiptavinir sjá að safnið er með nýjar bækur og áreiðanlegar upplýsingar. Notendur vilja síður nota safnið ef það eru bara „gamlar, úreltar bækur“ þar.

5. **Þú þekkir safnkostinn betur** og gerir þér grein fyrir þörfinni á viðbótum, lagfæringum, nýjum eintökum og sérð fyrr ef eintök hafa horfið úr safneigninni. Þetta ferli styður við innkaup og grisjun.

Aðferðafræði grisjunar hjá bókasafni Grindavíkur

Á bókasafninu eru þéttiskápar í kjallara, alls 90 hillumetrar, sem notaðir eru til að geyma aukaeintök og bækur sem eru í grisjunarferli.

Grisjunarferlið er í þremur skrefum og hefst í kjallara:

1. Bækur í kjallara með „grisjunarmiða“ frá þar síðasta ári eru grisjaðar.
2. Bækur á safni með „grisjunarmiða“ frá síðasta ári fara í kjallara.
3. Bækur sem talið er að fari sjaldan eða aldrei í útlán eru skoðaðar með tilliti til útlánasögu og notagildis og fá „grisjunarmiða“ ef ákveðið verður að grisja þær.

Grisjunarmiðar eru litlir post-it miðar með mismunandi lit fyrir hvert ár, sem settir eru í bækur sem talið er að hreyfist sjaldan eða aldrei úr hillu.

Í júní hvert ár er byrjað á að farga þeim bókum sem eru með grisjunarmiða frá þar síðasta ári og hafa verið í kjallara í 12 mánuði.

Næst eru bækur sem fengu grisjunarmiða í fyrra settar í kjallara.

Að lokum eru bækur sem eru í hillum á safni, skoðaðar með tilliti til útlánasögu og fá grisjunarmiða og 12 mánuði til viðbótar á safni.

Ef bók með grisjunarmiða fer í útlán, er grisjunarmiðinn tekinn og bókin hefur eignast „nýtt líf“ í hillum næstu 12-24 mánuði. Þetta á bæði við um bækur sem eru í hillum á safni og bækur í þéttiskápum í kjallara.

Allir starfsmenn safnsins koma að því verki að ákveða hvaða bækur fá grisjunarmiða á safni. Safnstjóri tekur síðan ákvörðun um hverjar þeirra endi í kjallara að 12 mánuðum liðnum.

Fyrstu 3 árin tekur þetta kerfi dálítin tíma, en þegar fyrstu grisjun úr kjallara er lokið, er ferlið eins og tannhjól sem gengur smurt.

Þegar bók er orðin 10 ára er útlánasaga hennar skoðuð og ef fjöldi útlána er færri en 10 og bókin hefur ekki lánast í 2 ár er hún afskráð.

Grindavík, 1. Mars 2017.

Andrea Ævarsdóttir, forstöðumaður bókasafns Grindavíkur.

Tilvísun í þetta efni:

Andrea Ævarsdóttir. (2017). *Grisjunarstefna bókasafns Grindavíkur*. Grindavík.is.

<https://www.grindavik.is/gogn/2022/heimas%C3%AD%C3%B0a/Grisjunarstefna%20B%C3%B3kasafns%20Grindav%C3%ADkur.pdf>